

1905, 1. apríl 1906, 20. október 1909, 7. maí 1914, 20. júlí og 15. október 1926, 81
7. október 1927, 11. október 1928 og 2. október 1929, né heldur bankavaxtabréf 28. okt.
þau, sem gefin eru út samkvæmt þeim.

Reykjavík, 28. október 1931.

Stjórn Landsbanka Íslands.

Georg Ólafsson.

Magnús Sigurðsson.

Framanrituð reglugerð staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 28. október 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Gísli Ísleifsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um

breyting á lögum nr. 69 frá 1928.

82

4. nív.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vor dóms- og kirkjumálaráðherra hefir þegnlega
borið upp fyrir Oss, að ákvæðið í 1. málsg. 7. gr. laga nr. 69 frá 1928,
um ákveðna álagning á vínanda og áfengi, sem leyft er að flytja til lands-
ins, sé óheppilegt, eins og nú stendur á. Telur ráðherrann því nauðsynlegt
að fella burtu þetta ákvæði nú þegar, og verðum Vér því að telja brýna
nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar,
um slíka lagabreyting.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ákvæði 1. málsg. 7. gr. í lögum nr. 69 frá 1928, um álagning á vínanda
og áfengi, fellur burtu. Málsgreinin verður þá þannig: „Lyf, er verzlunin út-
vegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar“.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 4. nóvember 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

AUGLÝSING

um

samkomulag milli Íslands annarsvegar og Póllands og Danzig hinsvegar, um gagnkvæma viðurkenningu á mælingaskírteinum skipa.

Þann 15. október þ. á. var undirritað í Varsjá samkomulag milli Íslands annarsvegar, og Póllands og Danzig hinsvegar, um gagnkvæma viðurkenningu á mælingaskírteinum skipa þessara ríkja, þannig að í hverju landinu um sig verður tonnatalan, sem tilgreind er í mælingaskírteinum fyrir skip, sem skrásett eru á Íslandi, Póllandi eða í Danzig, lögð til grundvallar þegar hafnargjöld og önnur gjöld af skipum þessara ríkja eru ákveðin.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 20. nóvember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.